

Alþingi

Erindi nr. P 121/819

komudagur 29.4.197

## Breytingartillögur

við frv. til 1. um breyting á lögum um virðisaukaskatt.

1. máls. 1. tölul. 1. gr. frumvarpsins fellur brott.
2. Við frumvarpið bætist ný grein er verður 3. gr. er orðist svo:  
Í stað fjárhæðarinnar „100.000 kr.“ í 3. tölul. 4. gr. kemur: 220.000 kr.
3. Við frumvarpið bætist ný grein er verður 6. gr. er orðist svo:  
Í stað fjárhæðarinnar „3.000 kr.“ í 7. mgr. 20. gr. kemur: 6.000 kr.
4. Við frumvarpið bætist ný grein er verður 7. gr. er orðist svo:  
Í stað fjárhæðarinnar „600.000 kr.“ í 1. mgr. 24. gr. kemur: 1.400.000 kr.
5. Í stað orðanna „skv. 1., 2. og 4. mgr. 42. gr.“ í 6. gr. frumvarpsins kemur: skv. 1., 3. og 4. mgr. 42. gr.
6. 10. gr. frumvarpsins fellur brott.
7. 12. gr. frumvarpsins orðist svo: 45. gr. laganna fellur brott.

Breytingin í 1. tölul. lýtur að því að fella brott 1. málsl. 1. töluliðar þar sem ekki er um efnislega breytingu að ræða og því óþörf. Hins vegar er 2. málsl. til skýringar og til þess fallinn að gera ákvæði laganna fyllri og afdráttarlausari.

Í 2., 3. og 4. tölul. eru lagðar til breytingar sem allar eru af sama toga. Breytingin lýtur að því að þær fjárhæðir sem eru fyrir í lögnum verði lögbundnar. Í framtíðinni verður það því hlutverk löggjafans að ákveða hækkun fjárhæðanna í stað þess að löggin kveði á um vísitöluþundna hækkun. Til þess að gera þessa breytingu mögulega hafa fjárhæðirnar verið hækkaðar til samræmis við þær hækkunir sem orðið hafa vegna vísitöluhækkana í gegnum árin.

Í 5. tölul. er verið að leiðrétta prentvillu. Í frumvarpinu er vísað til 2. mgr. 42. gr. en átti að vera 3. mgr. 42. gr.

Í 6. tölul. er lagt til að 10 gr. frumvarpsins falli brott. Breyting sú sem lögð var til í ákvæðinu hefur þegar verið gerð með lögum sem samþykkt voru á síðasta þingi.

Í 7. tölul. er svo lagt til að 45. gr. laganna verði felld brott þar sem gert er ráð fyrir að allar fjárhæðir í lögnum verði lögbundnar eins og fram hefur komið. Í 45. gr. er kveðið á um vísitöluhækkunir.